

10. gr.

128

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmatgur fundur hefur samþykkt og undirrituð er af að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Eftir 5 ár frá því að fyrsta arðskrá félagsins öðlast gildi og síðan á 5 ára fresti, skal arðskráin endurskoðuð, ef meiri hluti félagsmanna samþykkir það á lögmatum aðalfundi, ella gildir hún áfram. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt landslögum og skal sektarféð renna í sýslusjóð. Fara skal með mál út af brotum á samþykktinni að hætti opinberra mála.

13. gr.

Samþykkt félagsins verður ekki breytt nema með samþykki $\frac{2}{3}$ félagsmanna.

14. gr.

Félaginu má slíta ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það á tveimur lögmatum félagsfundum í röð, sem boðaðir séu í þeim eina tilgangi, og skal ekki líða skemmra milli funda en mánaðartími.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. október 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Forv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

129

3. nóv.

um breyting á reglugerð nr. 15 20. febr. 1936, um framhaldsnám kandidata í læknisfræði til að geta öðlazz ótakmarkað lækningaleyfi, og um sérmenntun lækna til að geta öðlazz sérfræðingaleyfi.

1. gr.

Í stað niðurlagsmálsgreinar 1. gr. reglugerðarinnar komi tvær málsgreinar, svo hljóðandi:

Kandidatar, sem ljúka almennu framhaldsnámi í Reykjavík, skulu vinna kandidatsvinnu um tveggja mánaða skeið á slysavarðstofu og sjúkradeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, og styttist sjúkrahúspjónustan samsvarandi, að jöfnu á lyf-lækninga- og handlækningadeild, þegar um slíka deildaskiptingu er að ræða.

Námskandidatar á Landsspítala skulu vinna kandidatsvinnu um tveggja mánaða skeið á fæðingaradeild spítalans, og dregst annar mánuðurinn frá þjónustutíma á handlækningadeild.

129

2. gr.

3. nív. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 47 1932, um lækningaleyfi o. fl.,
öðlast þegar gildi.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 3. nóvember 1955.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

130

9. nív.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 61 14. júní 1933, um raforkuvirki.

1. gr.

139. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sá, er öðlast vill löggildingu sem rafvirki við háspennuveitur, verður að:

1. Fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í 1. lið 138. gr., enda hafi hann auk þess að minnsta kosti 6 mánaða verklega reynslu við háspennuvirki; eða
2. fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í 2. lið 138. gr., enda hafi hann auk þess að minnsta kosti eins árs reynslu við háspennuvirki. Rafmagnseftirlitið lætur halda próf um kunnáttu hans um háspennuvirki, hafi hann ekki önnur kunnáttuvottorð, sem það tekur gild; eða
3. hafa fengið sveinsbréf í rafvélavirkjun, enda hafi hann að prófefni haft verk við háspennuvirki, og hafa auk þess unnið að minnsta kosti í 4 ár við raflagnavirkjun og rafvélavirkjun við góðan orðstír. Af þeim tíma hafi hann verið eigi skemur en 2 ár við háspennuvirki. Rafmagnseftirlitið lætur halda próf um kunnáttu hans, hafi hann ekki önnur kunnáttuvottorð, er það tekur gild.

Þessi 3. töluliður fellur úr gildi 1. júní 1958.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðin er sett samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 9. nóvember 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.